

# Varmahlíðarskóli



## Skýrsla um sjálfsmat

2006 – 2007

## Efnisyfirlit

Inngangur .....	2
Um Varmahlíðarskóla .....	3
Þróunar- og nýbreytnistarf .....	5
1. Grænfáninn.....	5
2. Tölvutök .....	6
Um vinnuna í Tölvutökum .....	7
Um stöðuna í Varmahlíðarskóla.....	8
3. Áframhaldandi erlent samstarf .....	10
4. Skólahald í strjálbýli.....	11
5. Aukið val .....	11
Vélfræði- og járnsmíðastofa.....	11
Tengsl við atvinnulífið - námsaðlögun.....	11
UTN.....	12
6. Mentor .....	12
7. Einneltismál.....	12
8. Breyttar aðstæður .....	13
9. Skólanámskrá .....	13
Hvað vilja kennararnir? .....	14
Sjálfsmatið í vetur .....	15
Skimun .....	17
Niðurstöður skimunarinnar: .....	17
Áform um þróunar- og nýbreytnistarf.....	20
Áætlun um innra mat 2007 – 2008.....	22

## Inngangur

Samkvæmt Aðalnámskrá grunnskóla ber að framkvæma kerfisbundið sjálfsmat í öllum grunnskólum. Með sjálfsmatinu fer fram víðtæk gagnaöflun um skólastarfið og um leið mat á árangri skólans, með markmið hans sem viðmið. Í sjálfsmatinu koma fram bæði sterkir þættir og veikir. Um veiku þættina gildir að fram þurfa að koma tillögur um úrbætur.

### **Tilgangur sjálfsmatsins er þannig sá, að gera góðan skóla betri.**

Frá haustinu 2002 hefur sjálfsmat Varmahlíðarskóla byggst á Gæðagreinalíkani því sem gefið var út af Skólaskrifstofu Skagfirðinga sumarið 1999. Eins og lesa má í sjálfsmatsskýrslu síðasta árs stóð til að ljúka matsvinnu varðandi einstakar námsgreinar þetta skólaár. Þessum áætlunum var breytt, eins og nánar verður gerð grein fyrir síðar í skýrslu þessari.

Varmahlíðarskóli notast við könnunarforritið Glerverk. Forrit þetta er til mikillar hagræðingar varðandi ýmiss konar skoðanakannanir o.þ.h. Árlega er lögð könnun fyrir úrtak foreldra, á foreldradegi í október. Nokkru sjaldnar eru nemendur í eldri bekkjum skólans fengnir til að svara nokkrum spurningum um skólann á þennan hátt, og var það gert vorið 2006. Þriðja hvert ár er lögð könnun fyrir starfsmenn skólans og var það gert í ár. Niðurstöður þessara kannana er að finna á vef skólans, [www.varmahlidarskoli.is](http://www.varmahlidarskoli.is) (smellið á „Hagnýtar upplýsingar“). Hvorug þeirra gefur tilefni til sérstakra viðbragða á hálfu skólans.

## Um Varmahlíðarskóla

Varmahlíðarskóli er í Varmahlíð í Skagafjarðarsýslu og er rekinn af Sveitarfélaginu Skagafirði og Akrahreppi. Upptökusvæði skólans er í stuttu máli Varmahlíð og dreifbýli í framanverðum Skagafirði. Nemendur Grunnskóla Akrahrepps höfðu fram til þessa skólaárs flust í Varmahlíðarskóla að loknum 7. bekk, en frá og með haustinu 2006 hafa allir grunnskólanemendur úr Akrahreppi sótt skóla í Varmahlíð. Nokkrir nemendur koma annars staðar að úr héraðinu. Allir nemendur utan göngufæris við skólann eru í daglegum heimanakstri.

Samkenndsla var í 3. og 4. bekk. Nýbúar voru engir að þessu sinni. Í lok skólaársins var skipting nemenda á bekkjardeildir þessi:

1. bekkur 16 nemendur	Umsjón Helga Sjöfn Helgadóttir
2. bekkur 19 nemendur	Umsjón Birgitta Sveinsdóttir
3. bekkur 13 nemendur 4. bekkur 8 nemendur	Samkenndsla, umsj. Kristvina Gísladóttir
5. bekkur 13 nemendur	Umsjón Margrét Óladóttir
6. bekkur 13 nemendur	Umsjón Sigrún Benediktsdóttir
7. bekkur 13 nemendur	Umsjón Ásdís S. Sigurjónsdóttir
8. bekkur 11 nemendur	Umsjón Magnús Óskarsson
9. bekkur 19 nemendur	Umsjón Kári Gunnarsson
10. bekkur 19 nemendur	Umsjón Þórdís Friðbjörnsdóttir

Allir bekkir eiga sína heimastofu. Tölvuver með 12 nettengdum tölvum er nýtt skv. sérstakri stundaskrá og hljóta allir nemendur skólans þjálfun í fingrasetningu, auk annarrar tölvukennslu, sem reynt er að flétta eftir megni inn í kennslu í sem flestum bóklegum greinum, þar sem við á. Nemendum í 10. bekk bauðst að nýta tölvutímana til setu í áfanganum UTN 1036, í samvinnu við Fjölbrautaskóla Norðurlands vestra á Sauðárkróki og nýttu 15 nemendur sér það. Nýtt bókasafn eða upplýsingamiðstöð skólans

liggur að tölvustofunni. Þar eru fjórar nemendatölvur sem eru samnýttar með tölvuverinu þegar það á við. Textílmennt, smíðar og heimilisfræði eiga einnig sínar sérgreinastofur.

**Starfsmenn skólans** eru 43, en stöðugildin nokkru færri. **Kennarar** eru 20 en þar af eru nokkrir í hlutastarfi og einn í barnsburðarleyfi og annar í veikindaleyfi, við lok skólaárs. Tveir stuðningsfulltrúar voru í samtals 1,5 stöðugildum.

Við skólann starfa húsvörður (í aðalhúsi) og umsjónarmaður íþróttamannvirkja. Aðrir starfsmenn í íþróttahúsi eru 3, í mötuneyti 5 og skólaliðar eru 7. Margir þessara starfsmanna eru í hlutastörfum. Auk þess er einn starfsmaður í afleysingum í þessum störfum.

Skólastarf hefst kl. 8:30 á morgnana. Skólabílstjórar eru 5. Nokkuð er breytilegt milli vikudaga hve lengi er kennt. Á fimmtudögum eru tækifæri til félagsstarfa fyrir eldri nemendur á vegum félagsmiðstöðvarinnar Friðar og heimaksturinn að þeim loknum.

Skólinn er einsetinn og í **mötuneytinu** fá nemendur (og þeir starfsmenn, sem þess óska) morgunverð og hádegisverð. Miðdegisdrykkur og kvöldmat er einnig framreiddur, ef þannig stendur á spori.

**Tónlistarskóli Skagafjarðar** nýtir hluta gömlu heimavistarinnar og eiga nemendur kost á að sækja tónlistarkennslu á daginn.

## **Þróunar- og nýbreytnistarf**

Þegar litið er um öxl til liðins vetrar má, nú sem fyrr, tína til ýmislegt sem heyrir undir þessa yfirskrift. Áhugasömum er bent á að lesa vorskýrslu skólans.

Í Varmahlíðarskóla er reynt eftir megni að fylgjast með nýjustu straumum og stefnum í menntun grunnskólabarna og starfsmanna. Það er stefna skólans að hafa heimabyggðina í hávegum og að vera í fremstu röð sambærilegra stofnana í notkun upplýsinga- og tölvutækni.

Í skólanámskrá (Pésa) eru sett fram þessi fimm atriði, sem ætlunin var að sinna sérstaklega veturinn 2006 – 2007:

1. Grænfáninn
2. Tölvutök
3. Áframhaldandi erlent samstarf
4. Skólahald í strjálbýli
5. Aukið val

Í sjálfsmatsskýrslu síðasta árs eru, auk áður nefndra, þessi atriði talin til:

6. Mentor
7. Eineltismál
8. Breyttar aðstæður
9. Skólanámskrá

Hér á eftir verður reynt að gera starfinu að þessum þáttum einhver skil.

### **1. Grænfáninn**

Sérstakur stýrihópur var settur á laggirnar, til að halda utan um Grænfánaverkefnið. Sökum tímaleysis hefur minna áunnist en vonir stóðu til, en þó má nefna að skólinn hefur komið sér upp moltugerðarkassa og flokkunarkössum fyrir úrgang, og er reiknað með að notkun þeirra hefjist í upphafi næsta skólaárs. Einnig hefur verið unnið að ýmiss konar merkingum, t.d. fyrir rofa og ruslaílát. Rusl var tínt á skólalóðinni. Nemendur unnu að

gróðursetningu trjáa og að grisjun í skógrækt skólans. Efni úr sömu skógrækt var nýtt til vinnu nemenda og myndmenntakennari hefur verið duglegur við að endurnýta pappír.

Þó hér hafi nokkur atriði verið talin upp er ljós að átaks er þörf, ef áfram skal stefnt að Grænfánanum. Nauðsynlegt er að stýrihópur komi saman á starfsdögum í ágúst og leggi línurnar fyrir veturinn, og að eftir þeim verði farið.

## **2. Tölvutök**

Á síðasta ári bauðst Varmahlíðarskóla þátttaka í Tölvutökum, átaki til eflingar notkunar upplýsingatækni í starfi með nemendum. Verkefni þetta er danskt að uppruna en hefur breiðst hratt út til ýmissa landa og gengur víðast hvar undir nafninu Tölvuökuskírteini kennara. Á Netinu má m.a. fræðast um það á [slóðinni www.epict.org](http://slóðinni.www.epict.org). Hugmyndin er sú að kennarar læri að nýta sér tölvutæknina í starfi sínu með nemendum og lagi kennsluhætti sína að upplýsingasamfélagi nútímans. Menntasvið Reykjavíkurborgar samdi um afnot og þýðingarrétt á efninu og við Símenntunarstofnun KHÍ um ut anumhald. Verkefnisstjóri er Edda Kjartansdóttir. Kennsluráðgjafi sótti námskeið fyrir handleiðara sem haldið var í Reykjavík í haust, áður en verkefninu var hleypt af stokkunum í nokkrum af grunnskólum borgarinnar. Þess má geta að alls luku um 60 skagfirskir kennarar og leiðbeinendur við Tölvutökin í vetur, auk um 150 reykvískra. Verkefnið var ekki í boði annars staðar á landinu.

Það hefur lengi verið á stefnuskrá Varmahlíðarskóla, að vera leiðandi í notkun upplýsingatækni í skólastarfi og í samræmi við það tókust samningar um að kennarar skólans fengju að taka þátt í að ryðja þessa braut á Íslandi. Alls luku 14 starfsmenn Varmahlíðarskóla Tölvutökunum nú í vor. Þess má geta að kennari sem var í barnsburðarleyfi allt skólaárið óskaði að eigin frumkvæði eftir því að fá að vera með í Tölvutökunum frá upphafi.

Reikna má með að vinnan við verkefnið hafi ekki verið undir 60 klst. hjá hverjum og einum, hjá mörgum töluvert meiri. Unnið var í tveggja til fimm manna hópum og voru þeir hvattir til að haga verkefnavali sínu þannig að það félli að kennslu a.m.k. einhvers þeirra – þó að þeim hafi að sjálfsögðu verið frjálst að koma sér saman um önnur

viðfangsefni. Verkefnunum var safnað saman í sérstakan verkefnabanka sem öllum þátttakendum er frjálst að nýta sér og er hann sameiginlegur með Ársskóla á Sauðárkróki.

Alls skilaði hver hópur átta verkefnum um notkun upplýsingatækni í skólastarfi. Ætlast var til mikils sjálfsnáms (uppgötvunarnáms) og samvinnu innan einstakra hópa. Öll verkefni þurftu tvær umferðir, þ.e.a.s. eftir að handleiðara barst nýtt verkefni frá tilteknum hópi benti hann á eitthvað sem mætti skoða betur eða bæta við og hópnum var ætlað að bregðast við þessum ábendingum og skila aftur. Þannig má segja að kennararnir hafi þarna verið að reyna eitt og annað, sem fellur undir nútímalega kennsluhætti, á eigin skinni. Í tveimur af verkefnunum gafst þátttakendur kostur á að segja álit sitt á þessu vinnufyrirkomulagi og verður nánar vikið að því síðar.

Þar sem fyrir lá að verkefni þetta yrði afar tímafrekt var ljóst að eitthvað annað yrði undan að láta og var það ein af ástæðunum fyrir því að almennt var ekki farið fram á það við kennara að þeir sinntu sjálfsmatsvinnu með gæðagreinum þennan veturinn. Hins vegar er ákveðið sjálfsmat eða skoðun á eigin skóla liður í Tölvutökunum, þar sem síðasta verkefni hvers hóps er að vega og meta stöðu upplýsingatækninnar í sínum skóla, velta upp sterkum hliðum og veikum og koma með tillögur að næstu skrefum. Hér á eftir fylgir samantekt á niðurstöðum hópanna og ber að skoða þær sem framlag kennarahópsins til sjálfsmats skólans veturinn 2006 – 2007.

### **Um vinnuna í Tölvutökum**

Segja má að í það heila tekið hafi allir kennararnir verið jákvæðir í garð vinnunnar í Tölvutökunum. Langflestir töldu sig hafa mikið gagn af verkefninu og að það hefði opnað augu þeirra fyrir margs konar möguleikum á notkun upplýsingatækninnar með nemendum. Hins vegar fór mikill tími í þessa vinnu, þó að það væri reyndar allmisjafnt milli einstaklinganna.

Nokkrir tóku fram að erfitt hefði verið að finna tíma til samstarfs. Þó sögðu einhverjir að þeim hefði verið bent á það í upphafi að nýta einmitt tölvutæknina til þess, t.d. með því að senda uppköst og tillögur á milli, en að þeim hefði gengið illa eða a.m.k. seint að tileinka sér það vinnulag. Hins vegar má lesa að umræðurnar í hópnum hafi verið



gagnlegar og skilað miklu. Sérstaklega má nefna að kennarar sjá aukna möguleika á samþættingu námsgreina með tilkomu upplýsingatækninnar og voru list- og verkgreinar og íþróttir þar ekki undanskildar. Þessa er sérstaklega getið þar sem í upphafi mátti heyra þær raddir að verkefnið ætti ekki erindi við aðra kennara en þá, sem kenna bóklegar greinar.

Eins og áður er komið fram er reiknað með að vinnan við Tölvutök hafi ekki verið undir 60 tímum og hjá mörgum allmiklu meiri. Þá er ekki einungis átt við samstarfstíma heldur ekki síður þann tíma sem einstaklingar gátu þurft á að halda til að æfa sig í ýmsum aðgerðum í tölvunum. Það liggur fyrir að vinnuálagið á þátttakendum vegna Tölvutakanna var í meira lagi og ber að taka mið af því við þau þróunarverkefni sem á eftir koma. Reyndar hefur þegar verið lagt til að slakað verði á kröfum til kennara um tíma vörðum til endurmenntunar næsta vetur, sem n.k. umbun fyrir mikla vinnu við Tölvutökin þetta skólaár.

Margir þátttakendur voru ósáttir við að fá ekki ítarlegri leiðbeiningar við tölvuæfingarnar og að þurfa að hafa svo mikið fyrir að „finna út úr þessu“. Um leið voru þó einhverjir sem tóku fram að e.t.v. hefði það þó orðið til þess að meiri færni sæti eftir, en ef um beina kennslu hefði verið að ræða. Fram kom að þeir sem meira kunnu innan einstakra hópa, hefðu verið duglegir að aðstoða félagá sína. En einnig mátti skilja að þeir sem voru tölvufærari fyrir, hefðu í mörgum tilvikum átt meiri vinnu í verkefnum, til að flýta fyrir. Mátti skilja að þetta hefði ekki endilega verið það ákjósanlegasta og að viðkomandi áttuðu sig á því að hitt hefði verið æskilegra; að einmitt þeir sem minna kynnu, hefðu haft gott af því að gera meira.

Í stuttu máli má segja að kennarahópurinn sé, þegar upp er staðið, afar sáttur við að þátttökuna í Tölvutökunum, þó vinnan hafi verið fullmikil og stundum tekið á.

### **Um stöðuna í Varmahlíðarskóla**

Allir hóparnir fimm skiluðu umfjöllun um stöðu upplýsingatækninnar í Varmahlíðarskóla, þar sem gerð var grein fyrir sterkum og veikum hliðum og komið með tillögum að úrbótum eða áframhaldandi þróun þessara mála. Í langflestum tilvikum var

mikill samhljómur milli þessara úttekta og hér verður gerð stutt grein fyrir helstu niðurstöðum.

**Sterkir þættir**

- ✓ Gott tölvuver, nokkuð vel nýtt, oft auðvelt að bóka fyrir hópa/bekki
- ✓ Gott bókasafn (upplýsingamiðstöð), sérþekking bókasafnskennara og aðstaða til fyrirmyndar
- ✓ Góður jaðartækjakostur
- ✓ Góð nettenging í tölvuveri, bókasafni og kennarastofu
- ✓ Gott úrval forrita
- ✓ Jákvætt viðhorf skólastjóra
- ✓ Margir kennarar vel tölvufærir
- ✓ Kennarar vel fartölvuvæddir, með aðstoð skólans
- ✓ Greiður aðgangur að aðstoð – tæknilegri og faglegri
- ✓ Vel fylgst með nýjungum, t.d. er kennurum gert kleift að sækja ráðstefnur þess eðlis

**Veikir þættir**

- ✓ Vantar nettengingu í margar stofur
- ✓ Vantar fleiri og betri tölvur í almennar kennslustofur
- ✓ Vantar skjávarpa í flestar stofur
- ✓ Engar gagnvirkar skólatöflur
- ✓ Tölvuver ekki fullnýtt
- ✓ Samþætting námsgreina ekki næg
- ✓ Kennarar margir enn of tregir til að nýta tæknina – vegna vankunnáttu og/eða viðhorfs
- ✓ Ekki nægileg hvatning til kennara um samvinnu, bæði sín á milli og milli nemenda
- ✓ Nettenging heimila misjöfn, hefur áhrif inn í skólann

**Tillögur kennara**

- ✓ Fasta skjávarpa í allar stofur
- ✓ Gagnvirkar töflur
- ✓ Fleiri tölvur í stofur
- ✓ Þráðlaust net um allan skólann

- ✓ Komið verði upp (fleiri) fartölvum sem bóka má fyrir vinnu inni í stofunum
- ✓ Skil milli UT og annarra námsgreina verði látin fjara út<sup>1</sup>
- ✓ Ráðinn verði sérstakur UT-kennari, sem annist þessa kennslu og verði hinum kennurunum til aðstoðar<sup>2</sup>
- ✓ Kennsla í fingrasetningu hefjist neðar
- ✓ Aukin samvinna kennara
- ✓ Meira verði um heildstæð verkefni, sem koma inn á margar námsgreinar
- ✓ Aukin nýting tækninnar m.t.t. sérþarfa, svo sem seinfærra nemenda og afburðanemenda
- ✓ Aukin nýting á Mentori

Annars staðar í skýrslu þessari er nánar vikið að áframhaldandi þróun UT í Varmahlíðarskóla.

### **3. Áframhaldandi erlent samstarf**

Reynslan af Comeniusarverkefni því, sem lauk vorið 2006, þótti svo góð að ákveðið var að sækja aftur um samstarfsverkefni við evrópska skóla, enda fóru starfsmenn barnaskóla í Reinsfeld í Þýskalandi þess á leit að lögð yrði inn sameiginleg umsókn, með frönskum og grískum skólum. Umsókn þessa efnis fyrir árið 2006 – 2007 var á sínum tíma hafnað, en þó tekið fram að umsóknir skólanna í Reinsfeld og Varmahlíð hefðu verið nógu góðar, en eitthvað misfórst hjá hinum tveimur, þannig að ekki varð af þessu samstarfi í ár. Þar sem svo góð orð voru höfð um umsóknir þessara tveggja skóla var ákveðið að boða á ný til undirbúningsfundar, að þessu sinni í Reinsfeld. Fundur þessi var haldinn sl. haust og á hann mættu, auk heimamanna og Varmahlíðinga, fulltrúar skóla í Bretlandi, Svíþjóð, Rúmeníu og Frakklandi. Umræðurnar leiddu til sameiginlegrar umsóknar um verkefni tengt endurnýtanlegum orkugjöfum og er hún nú til skoðunar hjá matshópum landsskrifstofa Sókratesar í viðkomandi löndum. Niðurstöðu er ekki að vænta fyrr en með haustinu.

<sup>1</sup> Skiptar skoðanir, sbr. næsta punkt á eftir.

<sup>2</sup> Skiptar skoðanir, sbr. næsta punkt á undan. Þess ber að geta að í skólanum hefur einmitt verið starfsmaður sem hefur sinnt þessu að vissu marki

Samstarfið við Hørup-skólann í Sydals á Jótlandi hefur haldið áfram og í vor lá leið 10. bekkinga og fararstjóra þangað. Einnig má geta þess að einn af kennurum Hørup-skólans var gestakennari hjá okkur í nokkra daga í haust.

#### **4. Skólahald í strjálbýli**

Vorverkefni nemenda miðuðust sem fyrr við það markmið að laga skólahaldið að hinu dreifbýla samfélagi í heimabyggðinni. Um það bera aðrar skýrslur vitni.

#### **5. Aukið val**

Það hefur lengi verið leitað leiða til að auka val nemenda, einkum í 10. bekk. Segja má að nokkuð hafi miðað, einkum á þremur sviðum:

##### **Vélfræði- og járnsmíðastofa**

Margoft og víða hefur komið fram að áhugi er fyrir auknum möguleikum til verklegs náms í elstu bekkjunum. Auk almennrar umræðu má nefna svör brautskráðra nemenda í könnun, sem lögð var fyrir allmarga árganga fyrir nokkrum árum. Nú hefur slíkri stofu verið fundinn staður á neðstu hæð skólahúsnæðisins og drög verið lögð að tækjakaupum. Náið samráð hefur verið haft við starfsmenn iðnbrauta FNV, auk þess sem sótt var um fjármagn til hins nýja Sáttmálasjóðs KS. Þegar þetta er ritað er ekki annað vitað en að áfram verði unnið að því að koma þessari kennslu á laggirnar en ekki liggur fyrir hvenær hún getur hafist.

##### **Tengsl við atvinnulífið - námsaðlögun**

Vegna námslegrar stöðu nemanda í 10. bekk var ákveðið að reyna að koma honum út í atvinnulífið einn dag í viku. Rætt var við foreldra og nemandann sjálfan og voru undirtektir mjög jákvæðar af beggja hálfu og þeirra val að taka þátt í þessari tilraun til að koma til móts við þarfir nemandans og áhugasvið. Niðurstaðan var sú að á þriðjudögum fór viðkomandi nemandi til vinnu út í Vélsmiðju Sauðárkróks og vann þar daglangt. Áður en vinnan hófst var gerður samningur, sem nemandi, forráðamaður, vinnuveitandi og skólastjóri skrifuðu undir. Segja má að allt hafi gengið að óskum, nemandinn var alsæll og að sögn vinnuveitenda stóð hann sig með þrýði. Óhætt er að segja að foreldrarnir hafi einnig verið mjög sáttir. Miðað við reynslu okkar af þessu fyrirkomulagi verður

örugglega gripið til úrræða af svipuðu tagi þegar og ef þurfa þykir og fyrir næsta vetur er eitt slíkt í athugun.

## **UTN**

Undanfarin ár hefur tölvukennsla í 10. bekk miðast við að öllum nemendum væri kennt í samræmi við fyrsta UTN-áfangann í Fjölbrautaskóla Norðurlands vestra, í samvinnu við þann skóla. Fram að þessu hafa allir nemendurnir setið þessa tíma en að þessu sinni var val um það eða að nýta tímana í annars konar tölvuvinnu. 15 af nemendum 10. bekkjar völdu að stefna á áfangann og stóðust þeir allir þær kröfur, sem FNV gerir til að fá námið metið til eininga.

## **6. Mentor**

Í Varmahlíðarskóla hefur frá upphafi verið stefnt að því að nýta Mentor sem best og fylgja þróun kerfisins eftir. Í samræmi við það voru kennsluáætlanir vetrarins unnar í kerfinu. Kennarar í yngri bekkjum nota Mentor fyrir heimavinnuáætlanir en ekki tókst að koma því á í eldri bekkjunum að kennarar skráðu heimanám. Nokkuð skortir á að kennara nýti Mentor sem skyldi og er það m.a. staðfest í starfsmannakönnuninni í vor. Nú hafa Mentor-hönnuðir boðað viðbætur og nýjungar, ekki síst tengdar námsmati, og ætti því nú að vera lag að gera átak í nýtingu þessa upplýsingakerfis. Bætt netsamband í strjálbýli, sem nú er boðað af þess til bærum aðilum, kemur auk þess til með að auka kröfur heimilanna um notkun þessa verkfæris.

## **7. Eineltismál**

Áfram var unnið undir merkjum Olweusar. Eitt af skilyrðunum fyrir því er að skólinn geri og birti eineltisáætlun skólans. Hún hefur verið til á myndrænu formi, og hangið uppi í skólanum um nokkurra ára skeið. Í vetur var unnið að textagerð og eineltisáætlunin hefur nú verið birt á vef skólans.

Samkvæmt árlegri könnun meðal nemenda bar meira á einelti en áður. Það skoðast sem ábending um að nokkurs átaks sé þörf. Einnig hefur nokkuð borið á að foreldrar átti sig

ekki á hvernig og með hvaða formerkjum baráttan gegn einelti er háð innan skólans. Því er nú í skoðun að halda sérstakan eineltisdag í haust, þar sem allir nemendur og starfsmenn skólans vinni að ýmiss konar verkefnum tengdum þessu þema.

Einn af starfsdögum á síðasta hausti var nýttur til að kynna Olweusarverkefnið og starfshætti skólans fyrir nýjum starfsmönnum.

### **8. Breyttar aðstæður**

Ekki hefur mátt merkja annað en að nemendur þeir, sem fluttust í Varmahlíðarskóla úr Grunnskóla Akrahrepps á liðnu ári, hafi fallið vel inn í þann hóp sem fyrir var og að aðlögunin hafi gengið framar öllum vonum.

### **9. Skólanámskrá**

Þessum lið mætti skipta í þrjá þætti:

- I. Pési – almenni hluti skólanámskrárinnar. Hann var endurskoðaður haustið 2006 og gefinn út á Netinu, undir vef Varmahlíðarskóla. Ákveðið var að gefa hann ekki út á prenti að þessu sinni.
- II. Starfsmannahandbók. Áfram var unnið að efnisöflun fyrir starfsmannahandbókina og standa vonir til að hún verði tilbúin í handriti fyrir lok júní 2007.
- III. Þá er þess að geta að endurskoðun á Aðalnámskrá grunnskóla er að mestu lokið og má reikna með að endurskoða þurfi ýmsa þætti í námskrá skólans í framhaldi af því.

## **Hvað vilja kennararnir?**

Á haustdögum lagði skólastjóri til að kennarar tækju einn fund í nokkurs konar hugstormun um það, á hvað leggja bæri áherslu í þróunar- og nýbreytnistarfi næstu misserin. Margar góðar hugmyndir komu fram og voru þessar helstar (sjá einnig athugasemdir/skýringar):

- Hringekja – listgreinakennsla; skólaári skipt í 4 lotur og lotuskipti þ.e. myndmennt, smíði, textíl og heimilisfræði<sup>3</sup>
- Nota fjölbreyttari aðferðir við námsmat<sup>4</sup>
- Nemendaferðir – heimabyggð – grenndarkennsla – vorverk<sup>5</sup>
- Áfram unnið að Grænfánanum<sup>6</sup>
- Comeniusarverkefnið; endurnýtanlegir orkugjafar<sup>7</sup>
- Ragnheiður bókasafnskennari óskar eftir meiri samvinnu við kennara<sup>8</sup>
- Málsmíði- og vélfræðikennsla verði tekin upp<sup>9</sup>
- Hafa meira val í 9. og 10. bekk<sup>10</sup>
- Endurskoða samstarf skólans við Tónlistarskólann<sup>11</sup>

---

<sup>3</sup> Að þessu er unnið frekar

<sup>4</sup> Námsmat verður til endurskoðunar á næstu mánuðum

<sup>5</sup> Sérstakt teymi vann að endurskoðun á skipulagi nemendaferða

<sup>6</sup> Sjá umfjöllun um Grænfánann annars staðar í þessari skýrslu

<sup>7</sup> Sótt hefur verið um umrætt verkefni, sjá annars staðar

<sup>8</sup> Kennarar hafa séð marga fleti á slíku samstarfi, í umræðum í tengslum við Tölvutökin

<sup>9</sup> Málið er í farvegi - sjá annars staðar í þessari skýrslu

<sup>10</sup> Rent er að leita leiða - sjá annars staðar í þessari skýrslu

<sup>11</sup> Í vetur hafa tvisvar verið haldnir tónleikar, þar sem nemendur Tónlistarskólans hafa leikið á hljóðfæri sín fyrir skólasystkini sín og starfsmenn. Þetta hefur mælst vel fyrir og er tvímælalaust dæmi um aukið samstarf stofnananna

## **Sjálfsmatið í vetur**

Eins og fram hefur komið í eldri skýrslum, hefur skólinn notast við Gæðagreinana í sjálfsmatsvinnunni undanfarin ár. Sjálfsmatslíkan þetta er skoskt að upprunna og byggir á áralangri þróun. Skólaskrifstofa Skagfirðinga gekkst fyrir þýðingu á efninu árið 1999 og hefur það í framhaldi af því verið notað í flestum skólum í Skagafirði og víðar um land.

Líkanið byggir á því að skólastarfinu er skipt í 7 lykilþætti, sem flestir eru síðan greindir í tvö eða fleiri þemu.

Lykilþættirnir eru:

1. Námskrá
2. Árangur
3. Nám og kennsla
4. Stuðningur við nemendur
5. Starfsandi
6. Nýting mannafla, fjármagns og aðstöðu
7. Stjórnun, forysta og trygging gæða.

Fyrir þessa lykilþætti alla skal gefa einkunn, ýmist eina heildareinkunn eða greint niður í einstök þemu. Einkunnin skal vera á bilinu 1 – 4, samkvæmt eftirfarandi skala:

4	<i>Mjög gott</i>	- Afar sterkur þáttur
3	<i>Gott</i>	- Sterk atriði veigameiri en slök
2	<i>Sæmilegt</i>	- Mikilvæg atriði slök
1	<i>Ófullnægjandi</i>	- Afar slakur þáttur

Líkanið gerir ráð fyrir að sjálfsmatshringnum sé lokað á þremur árum en eins og fram kom í sjálfsmatsskýrslu síðasta árs tókst því miður ekki að ljúka hringnum vorið 2006. Það sem út af borðinu stóð var nokkur hluti einstakra námsgreina. Í haust hófu sérstakir hópar vinnu að skoðun á einstökum námsgreinum, en sú vinna var síðan látin víkja fyrir öðru. Kom þar einkum tvennt til:



- Endurskoðun Aðalnámskrár stóð yfir og því þótti eðlilegt að hinkra við og taka mið af niðurstöðum hennar
- Vinnan við Tölvutökin tók mikinn tíma og auk þess var sjálfsmat á stöðu upplýsingatæknimála innan skólans liður í verkefninu. Niðurstöður þess sjálfsmats má finna annars staðar í skýrslu þessari.

## Skimun

Þegar unnið er eftir Gæðagreinalíkaninu er gert ráð fyrri að á síðasta kennarafundi ár hvert sé gerð snöggskimun á öllum gæðagreinunum, þar sem hver kennari gefur hverju þema einkunn. Þetta er nafnlaus könnun og tilgangurinn er að finna ef óánægja ríkir með einhverja þætti í skólastarfinu þannig að bregðast megi við og endurskoða matsáætlun (forgangsröð) í framhaldi af því.

### Niðurstöður skimunarinnar:

Þær eru settar fram í töflunni hér á eftir. Reyndar eru fullyrðingarnar hér settar fram í símskeytastíl en eru mun ítarlegri á blaðinu, sem kennarar fá til að vinna með. Reiknuð er út meðaleinkunn, og hlutfall þeirra sem gefa einkunnina 3 eða 4. Vakin er athygli á þeim þáttum, sem koma út undir 80 %, með rauðum leturlit. Í aftasta dálkinum sést sama hlutfall, m.v. sambærilega skimun í lok skólaársins 2005 – 2006. Neðanmáls eru nokkrar athugasemdir eða skýringar.

<b>Gæðagreinar og þemu</b>	<b>1</b>	<b>2</b>	<b>3</b>	<b>4</b>	<b>Meðal- einkunn</b>	<b>% eða 3 eða 4</b>	<b>m. 2006</b>	
1.1 Uppbygging skólanámskrár <sup>12</sup> , breidd og jafnvægi		4	6	1	2,73	64%	83%	
1.1 Uppbygging skólanámskrár, samþætting		7	2	1	2,40	30%	83%	
1.1 Uppbygging skólanámskrár, stundaskrá			1	8	2	3,09	91%	83%
1.1 Uppbygging skólanámskrár, valgreinar <sup>13</sup>	4	5			1,56	0%	83%	
1.2 Gæði áætlana, breidd, jafnvægi, val		2	8		2,80	80%	83%	
1.2 Gæði áætlana, samþætting, samfella, stígandi		1	8	2	3,09	91%	83%	
1.2 Gæði áætlana, stuðningur/leiðsögn við kennara		4	8		2,67	67%	83%	
1.3 Gæði áætlana hjá kennurum		2	11		2,85	85%	83%	
2.1 Árangur í námsgreinum			13		3,00	100%	100%	
2.2 Árangur í samræmdum prófum			11		3,00	100%	100%	
2.3 Heildarárangur		1	9		2,90	90%	100%	
3.1 Gæði kennslunnar, val á kennsluáðferðum			9	1	3,10	100%	100%	
3.1 Gæði kennslunnar, framsetning og tilgangur		1	11		2,92	92%	100%	
3.1 Gæði kennslunnar, samskipti milli nemenda og kennara		1	11	2	3,07	93%	100%	
3.2 Gæði námsins, hvetjandi		1	12		2,92	92%	88%	
3.2 Gæði námsins, framfarir			11		3,00	100%	100%	

<sup>12</sup> Endurskoðun væntanleg, í kjölfar nýrrar Aðalnámskrár og m.t.t. endurskoðaðs námsmats og í kjölfar Tölvutaka

<sup>13</sup> Sjá umfjöllun um valgreinar annars staðar í skýrslu þessari

3.2 Gæði námsins, eigin ábyrgð nemenda <sup>14</sup>	7	6		2,46	46%	100%
3.2 Gæði námsins, samvinna og samskipti	1	9	1	3,00	91%	100%
3.3 Þarfir nemenda, val á námsefni og verkefnum <sup>15</sup>	4	8	1	2,77	69%	88%
3.3 Þarfir nemenda, hraði yfirferðar <sup>16</sup>	3	9		2,75	75%	100%
3.3 Þarfir nemenda, reynsla og áhugasvið nemenda <sup>17</sup>	1	10	2	2,08	15%	100%
3.3 Þarfir nemenda, stuðningsaðilar	2	7		2,78	78%	100%
3.4 Mat sem liður í kennslu <sup>18</sup> , mats- og skráningaraðferðir	5	7	1	2,69	62%	100%
3.4 Mat sem liður í kennslu, gæði matsákvæðana	4	9		2,69	69%	100%
3.4 Mat sem liður í kennslu, notkun matsupplýsinga	5	8		2,62	62%	88%
3.5 Samskipti við foreldra, skipulag foreldrasamskipta	1	10	2	2,93	86%	100%
3.5 Samskipti við foreldra, uppl. um einstaka nemendur	2	11	1	2,93	86%	100%
3.5 Samskipti við foreldra, uppl. um skólafarfið	1	10	10	3,43	95%	100%
4.1 Umönnun, þarfir nemenda	2	4	6	3,33	83%	100%
4.1 Umönnun, stuðningur við nemendur		10	3	3,23	100%	100%
4.2 Þroski og lífsleikni, jákvæð viðhorf	1	10	1	3,00	92%	100%
4.2 Þroski og lífsleikni, utan námskrár <sup>19</sup>	4	6	1	2,73	64%	100%
4.3 Gæði náms- og starfsráðgjafar <sup>20</sup> , val á menntun	3	6		2,67	67%	50%
4.3 Gæði náms - og starfsráðgjafar, tilgangur upplýsinga	2	6		2,75	75%	50%
4.3 Náms- og starfsráðgjöf, sérþekking	4	5		2,56	56%	50%
4.4 Hlutverk ráðgjafar í árangri, skilvirkni		9		3,00	100%	75%
4.4 Hlutverk ráðgjafar, gæði skráðra upplýsinga		8	1	3,11	100%	75%
4.4 Hlutverk ráðgjafar, notkun fyrirbyggjandi upplýsinga		8		3,00	100%	75%
4.5 Stuðningur, gæði áætlana		9		3,00	100%	75%
4.5 Stuðningur, framfarir og árangur		10		3,00	100%	71%
4.5 Stuðningur, utanaðkomandi	1	8		2,89	89%	63%
4.6 Reglugerð um sérkennslu, uppfylling		6	3	3,33	100%	86%
4.6 Reglugerð um sérkennslu, framkvæmd ákvæða		7	2	3,22	100%	86%
4.6 Reglugerð um sérkennslu, þekking og skilningur	1	6	1	3,00	88%	86%
4.7 Úrræði, skilvirkni A	1	8		2,89	89%	88%
4.7 Úrræði, skilvirkni B	1	8		2,89	89%	88%
5.1 Starfsandi, stolt og ánægja		10	3	3,23	100%	100%
5.1 Starfsandi, jákvætt andrúmsloft		8	4	3,33	100%	100%
5.1 Starfsandi, samskipti meðal nem. og kenn.		9	4	3,31	100%	100%
5.1 Starfsandi, væntingar		10	2	3,17	100%	100%
5.1 Starfsandi, hegðun og agi	1	11	1	3,00	92%	100%
5.2 Samstarf, hvatning til foreldra		9	2	3,18	100%	85%

<sup>14</sup> Væntanlega verður komið inn á eigin ábyrgð nemenda við endurskoðun námsmats

<sup>15</sup> Telja verður að unnið sé að endurbótum hér, sbr. umfjöllun um valgreinar og námsaðlögun

<sup>16</sup> Tengist námsmati

<sup>17</sup> Hér er eitthvað sem þarf að skoða nánar – fá rökstuðning kennaranna fyrir þessum svörum. E.t.v. tengist það námsmatsvinnu og allavega endurskoðun skólanámskrár

<sup>18</sup> Námsmat er til skoðunar (kemur fram annars staðar)

<sup>19</sup> E.t.v. þyrfti að skilgreina þessa spurningu betur – hvað er „utan námskrár“?

<sup>20</sup> Ekki er sérmenntaður námsráðgjafi við skólann. Þessu er sinnt af almennum kennara, sem hefur lagt sig eftir málefni. Viðkomandi kennari var í barnsburðarleyfi á fyrra skólaári enda stígur einkunnin á milli ára, eftir endurkomu hans.

5.2 Samstarf við foreldra, viðbrögð skóla			8	3	3,27	100%	92%
5.2 Samstarf skóla og skólanefndar, skilvirkni	1	4	4		2,33	44%	75%
5.3 Tengsl við aðrar menntastofnanir		5	4		2,44	44%	62%
5.3 Tengsl við félagasamstök	1	2	6	1	2,70	70%	69%
5.3 Tengsl við opinberar stofnanir		4	4		2,50	50%	62%
6.1 Húsnæði og aðstaða	1	4	6	2	2,69	62%	77%
6.2 Búnaður, nægilegt fjármagn	3	1	6	2	2,58	67%	85%
6.2 Búnaður nægur, fjölbreyttur	2	2	7	2	2,69	69%	85%
6.3 Skipulag, aðgengi búnaðar		3	8	2	2,92	77%	92%
6.3 Skipulag, nýting		2	8	2	3,00	83%	92%
6.3 Skipulag, sýning		1	9	1	3,00	91%	85%
6.4 Mannafli nægur		1	10	1	3,00	92%	100%
6.4 Mannafli, starfsfólk hæft			10	2	3,17	100%	100%
6.5 Nýting mannafla, skilvirkni		1	10	2	3,08	92%	100%
6.5 Nýting mannafla, skipting		2	8	2	3,00	83%	100%
6.5 Nýting mannafla, mögul á stuðningi			12	1	3,08	100%	100%
6.5 Nýting mannafla, stuðningsfulltrúar		1	8	3	3,17	92%	100%
6.6 Starfsmat, símenntun		2	8	2	3,00	83%	100%
6.6 Starfsmat			8	1	3,11	100%	100%
6.6 Starfsmat, skilvirkni starfsþróunar	1	1	7	1	2,80	80%	100%
6.7 Rekstur, dagleg fjárhagsstjórnun		1	5	3	3,22	89%	100%
6.7 Rekstur skólans, fjárhagsáætlun			4	2	3,33	100%	100%
6.7 Fjárhagur skólans			4	2	3,33	100%	100%
7.1 Sjálfsmat, þátttaka			9	1	3,10	100%	100%
7.1 Sjálfsmat, notkun matsupplýsinga		1	8		2,89	89%	92%
7.1 Stjórnun skólans metin		1	9		2,90	90%	92%
7.4 Skilvirkni skólastjóra, fagmennska		1	8	4	3,23	92%	100%
7.4 Skilvirkni skólastjórnaenda, gæði stjórnunar		1	11	1	3,00	92%	100%
7.4 Skilvirkni skólastjórnaenda, samskipti		1	10	2	3,08	92%	100%

## **Áform um þróunar- og nýbreytnistarf**

Hér og hvar í skýrslu þessari er minnst á næstu skref. Hér á eftir eru þau helstu dregin saman á einn stað.

- Vélfræði- og járnsmíðastofa. Unnið er að því að koma upp aðstöðu til kennslu í vélfræði og járnsmíðum. Stefnt er að því að hefja kennslu í þessum greinum á skólaárinu. Markmiðið er að auka fjölbreytni í vali elstu nemendanna og að auka vægi verkgreina.
- Hringekja. Á skólaárinu verður gerð tilraun með að haga kennslu í list- og verkgreinum samkvæmt svonefndu hringekjusniði. Fyrirmyndin er m.a. sótt til Árskóla, þar sem var í fyrsta skipti unnið samkvæmt slíku fyrirkomulagi skólaárið 2006 – 2007 og þótti gefa góða raun. Til að byrja með er stefnt að hringekjunni í 8. og 9. bekk. Markmiðið er að auka samfellu í námi í þessum greinum.
- Námsmat. Þróun námsmats er eitt af því sem brennur á kennurum Varmahlíðarskóla, sem og víðast annars staðar. Mikil gerjun er á þessu sviði í grunnskólum landsins og er nauðsynlegt fyrir skólann að fylgja þróuninni. Nokkur umræða var komin af stað í kennarahópnum sl. vetur. Á nýju starfsári verður settur á stofn sérstakur vinnuhópur, sem mun hafa það að markmiði að leggja línurnar um endurmenntun kennara varðandi nýjar áherslur í námsmati og innleiðingu þeirra. Vert er að geta Mentors í þessu sambandi, en þar á bæ eru boðaðar nýjungar varðandi námsmat, ekki síst sjálfsmatið. Eins og fram kemur í skimuninni meðal kennara finnst þeim nokkuð skorta á að nemendur taki næga ábyrgð á eigin námi og ætti því að vera lag að nýta þetta.
- Tölvutökin. Í haust er verður komið á legg sérstökum vinnuhópi um upplýsingatækni, í kjölfar vinnunnar í Tölvutökum. Segja má að verkefnið verði þríþætt:
  - Að fylgja eftir ábendingum þeim, sem fram komu hjá kennurum, í lokastuðli Tölvutaka

- Að finna leiðir til að fylgja Tölvutökunum eftir með nemendum, ekki síst með nýtingu bókasafnsins í huga
- Að sjá til þess að verkefnabankanum verði haldið við og hann aukinn
  
- Grænfáninn. Eins og fram kemur annars staðar í þessari skýrslu, er ætlunin að stauta áfram veginn í att að Grænfánanum, t.d. með flokkun sorps.
- Nýjar námskrár. Aðlögun grunnskólastarfs að nýrri Aðalnámskrá skal hefjast skólaárið 2007 – 2008 og vera að fullu lokið innan þriggja ára. Frá og með haustinu 2007 verða kennsluáætlanir unnar í samræmi við nýjar námskrár, eftir því sem færi gefst og um leið og kennararnir kynna sér áorðnar breytingar. Um leið verði markvisst hugað að samfellu og uppfyllingu markmiða námskrárinnar.

## **Áætlun um innra mat 2007 – 2008**

### **Gæðagreinarnir:**

Veturinn 2007 – 2008 er komið að því að leggja mat á gæðagreinaflokk 2 og 3.

Lagt er til að í ágúst verði sérstaklega hugað að sjálfsmati á námsmati, og að nýtt teymi um endurskoðun námsmats haldi utan um þá vinnu og nýti sér niðurstöðurnar.

Sérstaklega verði hugað að hlut námsmats við gerð kennsluáætla.

Þá er og lagt til að hálfur starfsdagur s.hl. vetrar verði helgaður sjálfsmatinu (gæðagreinunum), t.d. þriðjudagurinn eftir páska.

**Nóvember**, með foreldraviðtölum:

Foreldrakönnun.

**Júní:** Skýrsla.